

FUNDARGERÐ

Fundur í stjórn Vatnajökulsþjóðgarðs

Haldinn 16. ágúst 2010 kl. 13.00 í Ármúla 32, Rvk. og símafundur

Mætt eru:

Í Ármúla 32, á skrifstofu Alta frá stjórn: Anna Kristín Ólafsdóttir formaður, Björn Ármann Ólafsson, Magnús Hallgrímsson, Hjalti Þór Vignisson og Þórður Ólafsson frkvstj. Frá Alta: Halldóra Hreggviðsdóttir, Árni Geirsson og Björg Ágústsdóttir.

Í símanum: Elín Heiða Valsdóttir, Þórunn Pétursdóttir, Böðvar Pétursson og Ólöf Ýrr Atladóttir.

Formaður setti fund og fór yfir stöðuna. Á fundinum er ætlunin að fara yfir það sem út af stendur að afgreiða varðandi svör við athugasemdum og umsögnum sem bárust á auglýsingatíma og tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Fyrir fundinn höfðu verið sendir út punktar um dagskrárliði, sem hér eru teknir fyrir, auk liðar nr. 2 sem bætt var við fundinn.

1. Tillögur frá Suðursvæði vegna Hoffells; vegagerð og skálabyggingar og akstur á jökli

Hjalti Þór fór yfir vegagerð að Hoffellsjökli. Hann hefur rætt við landeigendur í Hoffelli og kynnti greinargerð sem hann hafði tekið saman um málið og sent stjórnarmönnum. Landeigendur vilja ekki útiloka frekari vegagerð um fjöllin í framtíðinni. Stjórn er sammála um að kanna hversu raunhæft það er, vegna hæðar, veðurfars og fleira. Þarna þurfi að liggja fyrir betri rannsóknir áður en ákvörðun er tekin. Landeigendur eru hins vegar samþykkir því að ljúka vegagerðinni að þessu sinni rétt við þjóðgarðsmörk við Gjánúpstind og að þar verði heimilað þjónustuvæði. Stjórn samþykkir að stefnt verði að því að komið verði upp miðstöð ferðaþjónustu við enda vegar uppúr Hoffellsdal, enda liggja fyrir leyfi sveitarstjórnar og umsögn Umhverfisstofnunar um þær framkvæmdir.

Þá var rætt um hvort mætti keyra vistir að skálanum á Grímsfjalli og í Esjufjöllum. Fram kom að skv. reglugerð er óheimilt að skálanum í Esjufjöllum en ekkert slíkt bann gildir á Grímsfjalli.

2. Aukaliður – bætt við dagskrá: Um fund með Skotvís og umræður um veiði, sbr. ákvæði SogV.

Anna Kristín, Björn Ármann og Þórður sögðu frá fundi sem þau sátu fyrir um daginn, með fulltrúum frá Skotvís vegna ákvæða SogV um veiðar. Á fundinum, sem haldinn var að beiðni Skotvís, var rætt um ákvæði SogV um veiðar. Fulltrúar Vatnajökulsþjóðgarðs útskýrðu ýmis ákvæði SogV fyrir fulltrúum Skotvís og gerðu grein fyrir röksemdum og umræðum að baki ákvæðum tillögunnar, m.a. varðandi refa-, gæsa- og hreindýraveiðar.

Varðandi gæsaveiðar, þá var það skoðun Skotvís-manna að fylgja ætti almennum reglum og veiðiráðgjöf veiðisviðs UST og miða við almennan veiðitíma á gæs. Umræður fóru fram um röksemdir fyrir að miða við annan veiðitíma á gæs á Austursvæðinu en þau eru m.a. að varp heiðagæsar á svæðinu hefur breyst og er meira af ófleygum ungum þar nú en fyrir. Tillaga svæðisráðs austursvæðis var því að miða við 1. september á svæðinu.

Einnig var rætt um hreindýraveiðar og takmarkanir á þeim á veiðisvæði við Snæfell.

Í framhaldi af umræðum á fundinum með fulltrúum Skotvís, báðu fulltrúar Vatnajökulsþjóðgarðs Arnór Þóri Sigfússon, dýrafræðing, Ph.d., að koma á fund stjórnar og gerði hann það.

Með honum var farið yfir tillögu svæðisráðs Austursvæðis og tillögu stjórnar í SogV um að gæsaveiðitími á Austursvæði hefjist ekki fyrir en 1. september. Tillagan kom til vegna þess að hætta er á því að menn væru að skjóta ófleyga unga – þróunin hefur verið sú að ungar eru að koma seinna upp en áður, sbr. skýrslu Halldórs W. Stefánssonar.

Í máli Arnórs kom fram að þrátt fyrir leyfðan veiðitíma gæsa þá njóti fuglar í sárum friðunar. Það hafi að vísu gerst að slíkir fuglar séu skotnir, en hinsvegar sé ekki mikið um það og á slíkum fuglum er ekki eftir neinu kjöti að slægjast. Stofnivistfræðilega skipti það ekki máli þó eitthvað

væri um slíkt, því fuglar sem koma úr eggjum seint á sumri, eru líklegri til að lenda í hrammi refs og minka, heldur væri þetta fyrst og fremst siðfræðileg spurning. Hann taldi að mismunandi veiðitími „sitt hvorum megin línu“ yki flækjustigið og gæti valdið ýmsum vafamálum, t.d. sé það svo að veiðimönnum beri að aflífa særða fugla, jafnvel þó elta þurfi þá yfir á „veiðibanns-svæði“. Eina fordæmið um ósamræmi, þ.e.a.s. staðbundin frávik frá almennum veiðitíma, séu veiðar á helsingja, en í A- og V-Skaftafellssýslum, sé veiðitími helsingja takmarkaðri en annarsstaðar og nefndi hann rökin fyrir því. Arnór var ritari nefndar umhverfisráðherra sem undirbjó frumvarp til laga um stýringu á stofnstærðum villtra dýra (lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum nr. 64/1994). Hann sagði að til umræðu hefði komið í nefndinni að lengja friðunartíma heiðagæsa til 1. september, en ákveðið hefði verið að gera það ekki. Undanfarin ár hefði tilhneigingin m.a. verið sú að ýta veiðimönnum frekar út í veiði á heiðagæs til að létta veiðialagi af grágæs, þar sem heiðagæsastofnin væri sterkur en grágæsastofninn ekki.

Arnóri var nú þökkun koma hans á fundinn og vék hann af fundinum.

Rætt var um rökin fyrir tillögu um gæsaveiðitíma á Austursvæðinu og það sem kom fram í máli Arnórs. Stjórnarmenn voru á því að skoða vel rökin fyrir breyttum gæsaveiðitíma á þessu svæði. Björn mun taka málið upp í svæðisráði Austursvæðis nú í vikunni og senda Alta niðurstöður þess fundar.

3. Umferð um Vonarskarð

Tillaga svæðisráðs Vestursvæðis var á þá lund að Vonarskarðið væri opið fyrir umferð vélknúinna ökutækja á haustin frá 1. september.

Nokkrir stjórnarmenn og framkvæmdastjóri fóru í ferð um Vonarskarð í júlí og kynntu sér aðstæður, undir leiðsögn landvarðar og þjóðvarðsvarðar.

Skarðið er erfitt yfirferðar nema fyrir mjög vel búna jeppa og Gjósuklifið ófært, en auðvelt að skipuleggja gönguferðir þangað. Virðist augljóst að svæðið þolir ekki mikinn ágang. Þörf er á að stýra umferð þar, einnig gangandi umferð. Ef akstur yrði leyfður, þá þarf mikla vegagerð til að hlífa landinu. Elín Heiða sagði að rætt hefði verið í svæðisráði Vestursvæðis að þörf væri á aukinni landvörslu þar.

Anna Kristín lagði fram tillögu um að umferð vélknúinna ökutækja verði ekki leyfð um Vonarskarð.

Elín Heiða las upp bókun svæðisráðsins frá 31. mars 2010 og fór yfir aðdraganda tillögunnar og rök svæðisráðsins.

Rætt var um að útfærsla og framkvæmd á þessu væri flókin. Stjórn samþykkti tillögu Önnu Kristínar og þar með breytingu á ákvæði þar að lútandi í auglýstri tillögu að SogV.

Elín Heiða, formaður svæðisráðs Vestursvæðis, sat hjá við afgreiðsluna og vísaði í fyrri tillögu svæðisráðsins.

Reiðleið sem SogV tilgreinir lokaða, frá Svarthöfða að Hnýflum – Vestursvæði: Fram komu ábendingar og Þórður lýsti svæðinu, en hann fór um svæðið í sumar. Rætt var um hugmyndir um að leyfa þar hestaumferð. Skiptar skoðanir eru á því hvort leyfa eigi hestaumferð, meðan önnur umferð sé bönnuð.

Samþykkt í stjórn að miða við almennt bann umferðar, nema gangandi, um Vonarskarð.

4. IUCN – fundur með Roger Croft

Farið var yfir hvað kom fram á óformlegum fundi með Roger Croft, sem haldinn var seinni hluta júlímánaðar sl. Fundinn sátu Anna Kristín, Halldóra og Árni. Anna Kristín og Halldóra fóru yfir það sem rætt var á fundinum.

Farið var yfir tillögur að Sogv. Fram kom að svæði þurfa ekki að vera friðlýst skv. lögum, til að geta gengið inn í flokkunarkerfi IUCN. Þetta er í samræmi við upplýsingar og gögn frá Umhverfisstofnun við gerð Sogv, sem Halldóra hefur síðan fengið staðfest aftur í síðustu viku frá Umhverfisstofnun í gegnum samráð UST við IUCN, þar sem Nigel Dudley sem skrifaði leiðbeiningar IUCN var með í þeim samskiptum. Þessi fyrirspurn er tilkomin, þar sem Sigurður

Bráinsson hjá umhverfisráðuneytinu hefur bent á að einvörðungu friðlýst svæði, geti fallið undir flokka IUCN og því eigi að þýða leiðbeiningar IUCN m.t.t. þess sbr. kafla 2.3. í Sogv, notað „friðlýst svæði“ sem þýðingu á protected areas í stað „verndarsvæði“. Þarna virðist því gæta misskilningar frá hendi ráðuneytisins.

Í samtali við Roger kom einnig fram að ekkert væri því til fyrirstöðu að sveitarfélög t.d. mörkuðu sér verndarstefnu á tilteknum svæðum í aðalskipulag, sem síðan gætu flokkast undir IUCN flokka. Rætt var um að áhugavert gæti verið að skoða samstarf þjóðgarðsins við svæði sem heyra ekki undir hann skv. lögum, sbr. fordæmi, þjóðgarða í Evrópu þar sem verndun svæða byggir á ólíkum stöðum, þó þjóðgarðar starfi undir sama heiti.

Roger áréttaði einnig að IUCN vottar ekki stjórnunaráætlanir, en fulltrúar IUCN geta komið og leiðbeint aðilum. Croft benti á Nigel Dudley - sem góðan samstarfsaðila, hann gæti komið og leiðbeint þjóðgarðinum m.a. rýnt Sogv.

5. Farið yfir drög að svörum við athugasemdum/umsögnum sem bárust.

Farið yfir það sem út af stóð, eftir yfirferð á síðasta fundi. Árni og Björg fóru yfir einstök atriði í útsendu skjali, svör sem átti eftir að staðfesta. Einnig farið sérstaklega yfir drög að svari til Náttúrufræðistofnunar Íslands vegna umsagnar stofnunarinnar um SogV.

Ennfremur var rætt um breytingar á SogV-tillögnum, skv. útgáfu sem send var fundarmönnum fyrir fundinn.

Breytingar sem gerðar eru á þessum fundi verða færðar inn í skjölin í kjölfar fundar.

6. Tilvísanir í þá sem komu að gerð SogV.

Rætt var um hvornig ætti að ganga frá tilvísunum í þá sem komu að gerð Sogv. Eftirfarandi ákveðið: Vísað verður í tillögur svæðisráða og ráðgjafa þeirra, auk þess að vísa í heimildaskrár tillagna svæðisráða. Stjórn, framkvæmdastjóri, þjóðgarðsverðir og starfsmenn komu að gerð SogV auk ráðgjafa stjórnar og fulltrúa á samráðsfundi í nóv. Sérstaklega verður getið framlags til skrifa frá dr. Helga Björnssyni, Snorra Baldurssyni og dr. Magnúsi Tuma Guðmundssyni.

7. Verklok, sending á ráðherra.

Rætt um framhaldið. Til nánari skoðunar á næsta fundi.

8. Næstu skref.

Alta sendir út á miðvikudaginn:

- Endanlega tillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun með „track changes“.
- Endanlega tillögu að svörum við athugasemdum og umsögnum.

Farið verður yfir þessi gögn á næsta stjórnarfundum með það fyrir augum að hægt verði að samþykkja þau endanlega frá stjórn á þeim fundi.

9. Næsti fundur

Næsti fundur verður haldinn föstudaginn 20. ágúst 2010, eftir hádegi. Símafundur og í Ármúla fyrir þá sem eru á höfuðborgarsvæðinu.

Fundi slitið kl. 16.10.